Fundargerð 101. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 2. október kl. 08:15 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Fannar Jónasson, Gerður Björk Sveinsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - aðalfundur 2026 - 2606002SU**

   Lögð fram til kynningar og umræðu undirbúningsgögn fyrir aðalfund Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2026.

   Starfsmanni falið að uppfæra gögnin í samræmi við umræður á fundi.

2. **Áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - Gjaldaákvæði hafnalaga - óskað umsagnar - 2609004SU**

   Til umræðu vinna innviðaráðuneytisins um breytingar á gjaldskrárákvæði hafnalaga.

   Stjórn þakkar fyrir kynningu á vinnunni og óskar eftir að fá að fylgja því eftir og fá fund með innviðaráðuneytinu um vinnuna.

3. **Frumvarp til laga um hafeldi - áform - óskað umsagnar - 2609003SU**

   Lögð fram til kynningar umsögn um áform um frumvarp til laga um hafeldi.

4. **Frumvarp til laga um stórþörungarækt í sjó - Áform - óskað umsagnar - 2609002SU**

   Lögð fram til kynningar umsögn um áform um frumvarp til laga um stórþörungarækt í sjó.

Fundi var slitið kl. 09:00